

Bréf fjármálaráðuneytisins til Lindu h.f., Akureyri, um innlent tollvörugjald af PEZ piparmyntutöflum. 149 17. okt.

Þér hafið sent hingað afrit af bréfi frá PEZ í Austurríki, dags. 3. febrúar s. l., og óskið eftir úrskurði ráðuneytisins um það, hvort greiða skuli innlent tollvörugjald af PEZ piparmyntutöflum, sem sýnishorn fylgdi af.

Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans hefur rannsakað vöru þessa og reyndist í henni 93% af venjulegum neyzlusykri. Sé litið til þessa sykurmagns og eðli og notkun vörunnar að öðru leyti, ber að telja hana til nr. 6 í 1. kafla 2. gr. laga nr. 60/1939 og greiða af henni kr. 2.10 í innlent tollvörugjald með 560% viðauka og 150% útflutningssjóðsálagi, alls kr. 34.65 af kg.

BYGGINGARSAMÞYKKT

150
22/8 '56

fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Byggingarsamþykkt þessi nær til hvers konar húsabygginga, er teljast framtíðarbyggingar á jörðum, er til lögbýla teljast, þar með talin nýbýli, svo og byggingar, sem reistar eru á lóðum og löndum innan takmarka sýslunnar.

Undanskildir eru þó ákvæðum samþykktarinnar þeir löggiltir verzlunarstaðir, er hafa sett sér byggingarsamþykkt samkv. lögum nr. 19 frá 20. október 1905. Setji löggiltur verzlunarstaður sér síðar samþykkt, þá eru þau kauptún þar með undanþegin ákvæðum byggingarsamþykktar þessarar.

2. gr.

Sýslunefnd ræður byggingarfulltrúa í samráði við Teiknistofu landbúnaðarins og Búnaðarsamband Vestfjarða. Hann skal vera húsameistari eða húsasmíðameistari með fullum lögréttindum og ráðinn til tveggja ára í senn.

Byggingarfulltrúi á sæti á fundum bygginganefnda og hefur tillögurétt um öll þau mál, er þær taka til meðferðar.

3. gr.

Laun byggingarfulltrúa greiðast af sýslusjóði, byggingarsjóði, svo og af sýslusjóðum annarra sýslna, sem kynnu að ráða saman byggingarfulltrúa, samkv. ákvæðum laga nr. 26 1. apríl 1948.

4. gr.

Í hverjum hreppi skulu vera byggingarnefndir. Í þeim eiga sæti þrír menn. Skulu þeir vera kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefnd og jafn margir til vara. Kosning þeirra fer fram að afloknum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum og gildir kosning þeirra jafn langan tíma og kjör hreppsnefndarinnar. Byggingarfulltrúi, er sýslan ræður samkv. 2. gr., á sæti í byggingarnefndum.

5. gr.

Verkefni byggingarnefndar er:

1. Að veita byggingarleyfi samkv. uppdráttum, sem skulu gerðir eða samþykktir af Teiknistofu landbúnaðarins, þegar um lánveitingar eða framlög til bygginganna úr Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði er að ræða.

B 39